

**GRUNAR ÞIG AÐ EINHVER
SÉ LAGÐUR Í EINEITI?**



GRUNUR UM EINEITI

VINNUFERLI 1

1. Skriflegri tilkynningu um einelti er skilað til skólastjórnanda sem fer yfir tilkynningu með tilkynnanda. Hægt er að nálgast eyðublað á heimasíðu skólans og á skrifstofu.
 - a) Málið unnið sem samskiptavandamál - Fer í vinnuferli 2A.
 - b) Málinu er vísað til eineltisteymis (Fer í vinnuferli 1) sem skipar tvo fulltrúa sem sjá um vinnslu málsins.
2. Fulltrúar eineltisteymis ræða við þolandann og finna fyrir hann tengilið innan eineltisteymisins. Tengiliður fylgist vel og reglulega með líðan nemandans. Haft verður samband við foreldra/forráðamenn þolandans eftir því sem þörf þykir.
3. Eineltisteymið kannar málið og skráning á hegðun fer fram með skipulegum hætti í tvær vikur.
4. Könnun um líðan gerð, tengslakönnun lögð fyrir og hópfundir haldnir.
5. Allir sem koma að þolanda (gangaverðir, kennarar, starfsfólk skólans og starfsfólk íþróttahúss) fylgjast sérstaklega með honum. Öll áreiti kringum hann eru tilkynnt til fulltrúa eineltisteymis sem sér um skráningu.
6. Fulltrúar eineltisteymis tilkynna foreldrum/forráðamönnum meints geranda að til standi að ræða við meintan geranda og þeim gert að sitja þann fund sem áheyrnarfulltrúar. Rætt verður einslega við þá fyrir og eftir viðtal við meintan geranda. Meintum geranda er gert ljóst að hann sé grunaður um að vera gerandi í eineltismáli.
7. Eftir skráningartímabilið kemur eineltisteymið saman og fer yfir málið og oftár í ferlinu ef þurfa þykir.
8. Foreldrar/forráðamenn þolanda eru boðaðir til fundar með fulltrúum eineltisteymis til að fara yfir niðurstöður málsins.
9. Niðurstöður:
 - a) Ef niðurstöður benda til þess að ekki sé um einelti að ræða er máli lokið og foreldrar/forráðamenn samþykkja það með undirskrift.
 - b) Ef niðurstöður benda til samskiptavanda fer málið í vinnuferli 2A.
 - c) Ef niðurstöður athugunar hafa leitt í ljós að um einelti sé að ræða er aðgerðaáætlun skólans sett í gang þar sem öllum tiltækum ráðum er beitt til að stöðva eineltið. Málið fer í vinnuferli 2B.
10. Foreldrar/forráðamenn meints geranda eru boðaðir til fundar með fulltrúum eineltisteymis til að fara yfir niðurstöður málsins.